

Þriðja lota - Samskipti; Umburðarlyndi, hjálpsemi, viðsýni, samstaða

Í þessari lotu vinna börnin mörg verkefni í pörum. Hugmyndin er að börnin fái tilfinningu fyrir því að þau taki eigin ákvarðanir og setji öðrum mörk. Það er í lagi að segja vinkonu þinni eða vini að gera ekki eitthvað við þig þrátt fyrir að þú megir jafnvel gera það sama við aðra og þeim finnist það í lagi. Það er í boði að mótmæla harðlega ef einhver fer yfir mörkin þín. Þú hefur vald til að stjórna þínum líka. Sama á við um eftirfarandi atriði:

- Ef einhver gerir grín að þér máttu standa með sjálfum þér og segja hátt og skýrt – þetta er ekki satt!
- Ef einhver svindlar eða ógnar þér þannig að þér líður illa
- Ef einhver er að stjórna þér
- Ef einhver slúðrar eða gerir eitthvað sem þér finnst óþægilegt.
- Ef einhver reynir að sannfæra þig um að lána eða gefa einhverjum eitthvað sem þú vilt ekki.
- Ef einhver þrýstir á þig að vera síðust/síðastur eða velja leikefni á eftir öllum öðrum.
- Ef einhver snertir þig á þann hátt sem þér finnst óþægilegt.
- Ef einhver niðurlægir þig.
- Ef þér finnst þú ekki geta verið þú sjálf/sjálfur án þess að hlegið sé að þér.

Börn þurfa að geta átt nána vini og möguleikann á líta á sjálf sig sem góða, hlýja og vinalega einstaklinga. Það er mikilvægt fyrir kennara að bregðast hratt og örugglega við ef hann heyrir börnin nota neikvæð ummæli við eða um önnur börn eða þegar eitthvað neikvætt kemur upp í samskiptum þeirra. Í stað þess að byrja á að spyrja spurninga á borð við “hver byrjaði” eða “hvað gerðist?” spyrjum við hvað við getum gert til að bæta úr málunum. Með þessari nálgun lágmörkum við þá athygli sem beinist að því sem fór úrskeiðis en beinum henni að því jákvæða; hvemig við getum gert gott úr málunum.

1. Að virða mörk annarra

- Það sem einum finnst stríðni upplifir annar sem einelti og það er hún eða hann sem þarf að setja mörkin. Okkar ábyrgð sem kennara felst í að:
 - Skapa öruggt umhverfi og andrúmsloft.
 - Kenna börnunum aðferðir
 - Kenna börnunum að vera hreinskiptin í samskiptum.
- Ofbeldi sem felst í orðum eða útilokun er litið jafn alvarlegum augum og líkamlegt ofbeldi.
- Að kenna börnum að segja hreint út hvað þau vilja í stað þess að þau tali um það sem þau vilja ekki. Dæmi um þetta er ef barn segir “þið leyfið mér ekki að vera með í leiknum” lærir það að segja frekar “Má ég leika með ykkur?”
- Íhlutun fer fram um leið og tekið hefur verið eftir því að barn er í hættu á að tilheyra ekki hópnum, niðurlægt eða skilið útundan.

2. Að skilja og virða fjölbreytileika fólks

- Einfaldasta leiðin til að útskýra það sem gerist í kringum okkur er að útskýra það fyrir börnum þegar tækifærin gefast. Fjölskyldur barnanna eru ólíkar og það gefur tilefni til umræðna. Gott er að skoða aðra menningu út frá því hvaða tilgangi þær athafnir þjóna sem eru ólíkar okkar í menningu.
- Að sama skapi er mikilvægt fyrir börnin að læra að skilja og virða skólasamfélagið. Við sitjum í hring svo að allir geti horfst í augu og útskýrum fyrir börnunum hvaða áhrif þeirra gjörðir hafa á þetta litla samfélag. Þannig skiptir til dæmis umgengni þeirra miklu máli, því ef þau ganga ekki frá sínum fatnaði hefur það áhrif á aðra í skólanum. Við mætum á réttum tíma á sameiginlega viburði því annars þurfa allir aðrir að bíða.

3. Að gefa til samfélagsins

- Alls konar verkefni sem miða að því að taka þátt í samfélaginu utan skólans efla ábyrgðartilfinningu gagnvart samfélaginu. Að safna fyrir Rauða krossinn, syngja fyrir fólk á elliheimilum, hjálpa yngri börnum í skólanum og senda kveðjur til barna í fjarlægum löndum eru allt verkefni sem stuðla að skilningi á því að við erum hluti af stærra samfélagi og að velferð allra er okkar mál.
- Að ræða þessi verkefni í stærra samhengi er svo góð leið til að innræta jákvætt viðhorf til þessara mála – Af hverju er það gott fyrir okkur að gleðja aðra? Af hverju líður okkur vel þegar við gleðjum aðra? Skyldu aðrir sem við höfum glatt vilja gleðja okkur líka ef þau hafa tök á því?

4. Að skapa jákvæða sjálfsmynd hóps

- Það skapar hópkennd ef hópur á sér sérstaka söngva og setningar eðaheilsast og kveður á sérstakan hátt og það gefur börnunum tilfinningu fyrir því að þau tilheyra alveg einstaklega frábærum hópi.
- Að senda góðar hugsanir til þeirra barna sem eru veik eða í orlofi gefur þeim sem eru í skólanum skilaboð um að þau eru mikilvæg og að þeirra er saknað dagana sem þau eru ekki í skólanum.

5. Verkefni sem skapa samstöðu og samkennd

- Leikrit, samsöngur, verkefni unnin í liðum, að hafa umsjón með einhverju í sameiningu, eru verkefni sem krefjast þess að nemandinn standi sig vel fyrir félagi sína. Meðan áherslan er alltaf á jákvæð samskipti í þessum verkefnum eflist samskiptafærni jafnt og þétt.
- Að æfa sig í að setja sig í spor annarra er mikilvægur þáttur í að æfa færni í samskiptum. Hægt er að spyrja einfaldra spurninga og dýpka þær svo en passa að halda sig við viðfangsefnið. "Hvernig líður Önnu þegar hún gengur ein heim í myrkrinu, af hverju líður henni þannig?" "Ef mamma Önnu væri að ganga heim eftir kvöldvakt í vinnunni myndi henni líða eins, af hverju, af hverju ekki?"

6. Að draga úr mistakaótta

- Hægt er að æfa sig í að mistakast með því að vinna verkefni sem eru dæmd til að mistakast. Fyrir börn að hlaupa hraðar en vindurinn, að hoppa yfir eitthvað sem er ómögulegt, kasta eggjum á milli sín og upplifa að þótt þau endi vafalaust á gólfinu skiptir það engu máli.
- Kennarinn tekur á sig sökina – Ef barn hellir mjólk niður og annað barn í hópnum fer að tala um það hellir kennarinn "óvar" niður mjólk líka. Með því móti er alveg augljóst að þetta getur hent alla og er ekkert stórmál.
- "Ýkjur – Kennarinn prófar mismunandi aðferðir í litlu leikriti við að leiðbeina barni. Með hörkulegri rödd, mildilega, með því að sýna barninu, segja því hvernig á að gera eitthvað, hvæsandi, hvíslandi. Athyglinni er beint að upplifun barnsins þegar mismunandi aðferðir er notaðar. Hugmyndin með þessu verkefni er að sýna börnunum sýna fram á að þau stjórni tilfinningum sínum og ættu ekki að láta stjórnast af kennara, foreldrum né öðrum.

7. Að eiga einlægar samræður um stríðni og einelti
- Samræðurnar ættu að snúast um athafnir en ekki persónueinkenni. Þetta felur í sér að börnin geti skilið að stríðni og einelti byggir á orðum og athöfnum sem þau geta haft stjórn á og breytt.
 - Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um orðanotkun sem felur í sér neikvæðni og vera óhræddir við að endurtaka setningar á jákvæðan hátt. Að sama skapi geta kennarar beðið börn að endurtaka sínar setningar á jákvæðum forsendum.
 - Til að kenna börnum að takast á við átök í samskiptum við önnur börn eru gerðar æfingar þar sem barnið æfir sig í að segja við aðra “Mér líður illa þegar þú gerir þetta, hættu”.
8. Að sýna umhyggju
- Að aðstoða yngri börn, til dæmis við að klæða sig þegar þau eru á leið út að leika sér er raunverulegt verkefni og börnin finna svolítið til sín.
 - Setja upp lítil leikrit þar sem börnin æfa sig í að hugga og/eða aðstoða vinkonu eða vin sem mætir óréttlæti
 - “Félagasvæði” er svæði innan skólastofunnar þar sem börn geta leikið sér í rólegheitum með einhverjum sem þau vilja kynnast betur.

Priðja lota – hrós og hvatning


Að nota viðeigandi hrós sem leggur áherslu á það sem verið er að efla með barninu þá stundina er skilvirkasta leiðin í átt að árangri. Hér eru hugmyndir til að hvetja börn á meðan á fyrstu lotu stendur.

Umburðalyndi – “Ég heyri að þú tekur tillit til skoðana annarra”

Hjálpssemi – “Gaman að sjá ykkur hjálpast að”

Víðsýni – “Þú skilur þetta frá mörgum sjónarhornum”

Samstaða – “Ykkur gengur vella ð vinna saman”



Funded by the European Commission [Daphne III program](#).
European Commission is not responsible for the implementation and the content of the project.